

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins



Velkomin í Leitarstöðina

Skipuleg leit að krabbameini
í leghálsi og brjóstum





Tilgangur leitar

Starf Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins er tvíþætt. Annars vegar er leitast við að greina brjóstakrabbamein og leghálskrabbamein á byrjunarstigi og hins vegar að koma í veg fyrir myndun krabbameins í þessum líffærum (einkum í leghálsi) með því að finna forstig sjúkdómsins. Leitin gefur enga vörn gegn öðrum krabbameinum.

Konur eru boðaðar til leghálskrabbameinsleitar á aldrinum 20-69 ára og til brjóstakrabbameinsleitar á aldrinum 40-69 ára. Leitarstarfið fer fram á Leitarstöðinni í Reykjavík, flestum heilsugæslustöðvum og á röntgendeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknar taka þátt í leitarstarfinu með því að taka leghálsstrok og hvetja konur til að fara í brjóstamynda-töku. Skipulag og stjórnun leitarinnar er á vegum Leitarstöðvarinnar í samráði við heilbrigðisráðuneyti og landlækni.

Undirbúningur

Þegar þú kemur í skoðun skráir þú fyrst nokkrar heilsufarsupplýsingar. Ef þú óskar getur þú fengið aðstoð hjúkrunarfræðings við það. Upplýsingarnar varða atriði eins og skurðaðgerðir, síðustu blæðingar, fjölda fæðinga, notkun getnaðarvarna eða tíðahvarfahormóna og hvort þú hefur haft einhver sjúkdómseinkenni síðustu mánuði. Allar þessar upplýsingar hafa þýðingu varðandi túlkun á

frumustroki frá leghálsi eða röntgenmyndum af brjóstum. Jafnframt eru þær notaðar til leiðbeiningar um hvort þörf er á fleiri rannsóknum. Eftir skráningu heilsusögu er þér vísað í biðstofu þar sem þú bíður eftir að vera kölluð til brjóstamyndatöku eða leghálsskoðunar. Fyrir leghálsskoðun ert þú hvött til að tæma þvagblöðruna, ef þú getur.

Skoðun

Læknir eða ljósmóðir með þjálfun í innri þreifingu kynfæra skoðar þig. Þér er boðið að leggjast á skoðunarbekk og eru skapabarmar, leggöng og legháls skoðuð og frumusýni (strok) tekið frá leghálsopi. Leg og eggjastokkar eru þreifðuð um leggöng en stundum er nauðsynlegt að þreifa einnig um endaparm ef erfitt er að komast að þessum líffærum. Blóðug útferð eða smáblæðing eru ekki óalgengar eftir töku frumusýnis.

Ef þú ert 40 ára eða eldri eru teknar röntgenmyndir af brjóstum. Brjóst eru ekki þreifðuð nema þú óskir þess eða ef þú hefur getið um einhver einkenni sem gefa til kynna að það sé nauðsynlegt.

Niðurstöður


Læknir eða ljósmóðir upplýsir þig strax um hvort eitthvað hafi fundist við leghálsskoðun eða við innri þreifingu sem gefi tilefni til nánari rannsóknar eða meðferðar. Slík atriði eru t.d. mikil stækkun á legi eða eggjastokkum, legsig eða blöðrusig, saga um óeðlilegar blæðingar eða ef sýking er til staðar í leggöngum.

Niðurstöður um leghálsstrok og brjóstarröntgenmyndir liggja fyrir innan þriggja vikna. Er þér þá sent bréf eða hringt til þín ef eitthvað athugavert hefur fundist sem gefur ástæðu til framhaldsrannsókna.

Framhaldsrannsóknir

Hér eru nefndar algengustu framhaldsrannsóknir sem geta verið nauðsynlegar ef skoðun, röntgenmyndir eða frumustrok gefa tilefni til. Þessar rannsóknir eru gerðar af læknum með góða þjálfun í greiningu meinsemda í þessum líffærum.

- Ef eitthvað óeðlilegt kemur í ljós við brjóstapreifingu eða á röntgenmyndum getur þurft að vísa þér til sérskoðunar á brjóstum eða kalla þig beint til viðbótarrannsókna á röntgendeild. Læknir skoðar þá brjóstin, oftast eru teknar fleiri röntgenmyndir, stundum gerð ómskoðun og ástunga til frumugreiningar.
- Ef frumubreytingar finnast í leghálsstroki getur verið nauðsynlegt að taka nýtt strok innan fárra mánaða eða



gera leghálsspeglun. Við speglunina eru tekin lítill vefjasýni frá leghálsi.

- Við blæðingar eftir tíðarhvörf eða ef óeðlileg fyrirferð finnst í grindarholi þarf í flestum tilvikum að gera ómskoðun um leggöng.
- Finnist sýking í leggöngum við skoðun færð þú lyfseðil strax eða hann er sendur til þín eftir úrlestur frumstroks.
- Ef óeðlilega mikið legsig eða stór fyrirferð finnst í grindarholi eða saga er um þvagleka getur verið nauðsynlegt að vísa þér til frekari læknisskoðunar utan Leitarstöðvarinnar.
- *Þrátt fyrir eðlilega niðurstöðu skoðunar og rannsókna getur komið fram meinsemd í leghálsi eða brjóstum á tímabilinu fram að næstu boðun til leitar. Þú ert því eindregið hvött til að vera á varðbergi gagnvart nýjum einkennum frá þessum líffærum.*

Eftirlit

Ef frumubreytingar greinast í leghálsstroki þarf að fylgjast nánar með þér í ákveðinn árafjölda vegna þess að breytingarnar eru oftast tengdar veirusmiti og geta því tekið sig upp á ný þrátt fyrir meðferð. Þú færð nánari upplýsingar um þetta orsakasamband í fræðsluritinu „Veirur valda krabbameini í leghálsi“ sem liggur frammi í Leitarstöðinni, heilsugæslustöð eða næsta apóteki.



Samningur við heilbrigðisráðuneytið

Samkvæmt samningi við heilbrigðisráðuneytið og að höfðu samráði við landlækni ber Leitarstöðin ábyrgð á eftirliti með öllum konum sem greinast með breytingar við leghálsstrok, óháð því hvort frumustrok er tekið á vegum Leitarstöðvarinnar eða af sjálfstætt starfandi læknum á stofu.

Faraldsfræðilegar spurningar

Safnað er upplýsingum vegna vísindalegra rannsókna á orsökum krabbameina. Í því skyni eru konur beðnar að svara spurningum á 10 ára fresti við skoðanir á vegum Leitarstöðvarinnar. Slíkar spurningar eru t.d. upplýsingar um fæðingarár barna, aldur við fyrstu blæðingar, brjóstagjöf og reykingar. Öflun upplýsinganna fer fram í samvinnu við faraldsfræðideild Krabbameinsskrárinnar og er gerð með samþykki Vísindasiðanefndar. Faraldsfræðideild ber ábyrgð á úrvinnslu úr gögnunum, en vísindarannsóknir sem byggjast á þeim eru eingöngu gerðar að fengnum leyfum frá Vísindasiðanefnd og Persónuvernd. Þar sem þessar spurningar hafa ekki upplýsingagildi fyrir skoðunina sjálfa þótt þeirra sé aflað í forvarnaskyni, færðu þær sendar heim í pósti og ert þú beðin að afhenda svörin við komu í Leitarstöðina. Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð gagnanna og konum er frjálst að velja hvort þær svari spurningunum eða ekki.



Fræðslurit

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins liggja frammi á heilsgæslustöðvum og í mörgum apótekum. Einnig má skoða þau á vefsíðu félagsins www.krabb.is

**Pantaðu tíma þegar þú færð bréf
frá Leitarstöðinni.**

Síminn er 540 1919

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins
Maí 2004

Höfundur: Kristján Sigurðsson yfirlæknir
á Leitarstöð Krabbmeinsfélags Íslands

Útgefandi: Krabbameinsfélag Reykjavíkur,
fyrir hönd krabbmeinsamtakanna

Prentvinnsla: Svansprent



Krabbameinsfélagið

Skógarhlíð 8, Reykjavík. Sími 540 1900. www.krabb.is